



**-Maurice Peterson, New York: USA**

Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árpúsunds með fingerðum stíl og tilfinn-ingaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

**-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland**


Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

**-Elisabeth Belile, Texas: USA**

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungið töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.



Birgitta Jónsdóttir



Reykjavík



Beyond Borders Smákverasafn

B i r g i t t a J ó n s d ó t t i r

# R e y k j a v í k

## Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum bæði hérlandis og erlendis.

Listaverk hennar má finna í opinberri eigu og meðal safnara hérlandis og í Bandaríkjunum.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk eftir hana má finna í safnbókum, dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í Bandaríkjunum, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígíeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu og víðar.

Hún er frumkvöðull í að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996.

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, móðir, frumkvöðull, sögukona, útgefandi og nú síðast teiknimyndafígúran Joy B.

<http://joyb.blogspot.com>  
<http://this.is/birgitta>  
<http://this.is/poems>



Beyond Borders Smákverasafn #9

Reykjavík, Ísland 2005  
[poems@this.is](mailto:poems@this.is)

## Mér vaxa rætur

Þegar ég geng um stræti og torg  
sé ég mikilfenglega hrafn  
hnita hringi um götuvita  
setjast svo á þakbrún og horfa  
skáeygðir á mannfólkið

Í skini götuljósanna eru skuggarnir mjúkir

Esjan mislynd að vanda  
Skiptir svo ört um ham  
að hún er nýtt fjall á hverjum degi

Ég háma í mig harðfisk  
Drekk malt og appelsín  
Hjá mér eru jól á hverjum degi

Allir sem ég þekki hér  
eru skildir mér  
Hef séð það svart á hvítu í  
Íslendingabók

Geng hæglát um strætin  
tel túnfífla sem skjóta sér upp  
meðfram grámyglu  
sem berst um völd við vorið  
Þeir eru sólargeislar mitt  
í suddalegum regnstormum

Hrjúfra mig undir mjúkri sæng  
með þykka bók mér við hönd

Allt er hvítt og hreint  
vatnið tært með brennisteinskeim

Ég er komin heim heim heim  
og Vesturborgin mosabeð  
Mér vaxa rætur

Reykjavík

# Kræklótt tré

Geng um göturnar sem ég þekki svo vel  
hugsa um tré  
Hef þekkt mörg borgartré

Þau klæðast engu  
nema mjúkum berki  
og oddhvössum greinum

Ég þrái ekki vorið  
finnst þau falleg  
nakin  
berskjölduð í styrk sínum

Kræklóttu trén eru vitnisburður  
um hvernig mótlæti mótar  
Þarna standa þau  
sérstæð og einstök  
á meðal teinréttra  
sem gleymast fljótt  
Svona einsleit að yfirbragði

Það eru þessi kræklóttu tré sem  
ég veit að ég mun sakna  
Sérstæðir kvistir  
sem aldrei hafa brotnað  
þrátt fyrir Reykvísan  
mótvindinn úr öllum áttum

Ræturnar teygja sig jafn hátt  
og krónan um iður jarðar  
Ég krafsa raka mold  
lykta af henni

bý til minningu  
nudda henni í hringi um lófa minn

Það eru þessi kræklóttu tré sem ég  
veit að ég mun sakna mest

Í sölum þínum  
sá ég alheiminn  
opnast  
Framandi eins og  
eyðimerkurblóm.

Dulmögnum togar mig  
í djúp tilfinningavatnsins  
og opinmynt horfi ég  
á stytturnar lifna við.  
Í táknum hvíta gífsins  
greypist minning  
um tímalausan heim.  
Um jörð án takmarkana.  
Neistar frá verkum þínum  
lifna við inni í mér.

Ég fell í faðm verndar.  
Á milli trjákrónanna  
felli ég tár yfir  
dysjuðum hugarfóstrum þínum  
í lágreistum haug.

Gref mig inn í huga þinn  
svo ég fái séð heiminn með  
augum þínum.

Kastast inn í öldufald  
og líð um  
heim þinn  
á þínum forsendum.



## *Hótel Borg*

Húsið er margvafið  
minningahjúpi.

Hér sátu þau  
og hér sitjum við.  
Umlukt angan af víni  
og tóbaksreyk.  
Þar ómaði hlátur  
í veggjunum er dulinn grátur

Þörfín að gleyma  
jafn rík þörfinni að  
gleymast ekki



## **Svarti kötturinn**

Ég átti eitt sinn svartan kött  
sem hét Bjartur

Hann sá handan þessa heims  
næmur á draugablik og tilfinningar

Síðan Bjartur dó  
hefur hann fylgt mér  
Tekið bólfestu í öðrum  
svörtum borgarköttum  
Sýnir sig aðeins  
þegar ég er í eyndarhug

Minnir mig á litlu kraftaverkin  
allt í kring

Labbar til mín  
nuddar sér letilega  
við fætur mína  
malar og hverfur svo

Og sjálfseymdarvorkunnin  
hverfur jafn hratt og hann





# Reykjavík

## borg árstíða

Hún er svo lítil að allur líkami hennar  
gæti passað inn í hjarta Stórborgar.

Hún er undir álögum árstíða  
þar sem dagurinn er aldrei jafnlangur.

Vedurguðirnir toga  
í skapbrigða strengi.

Fjöllin faðma jadar hennar  
hafið innsiglar hana  
með ólgandi öldum.

Reykjavík vaknar um miðnætti  
rífur sig út úr kaldri streitugrímunni  
til að leika sér í félagsskap Bakkusar.  
Umvafin stálhörðum barbarisma  
á meðan tilfinningarnar springa út  
-ofsafengnar.

Þynna og fráhrarfseinkenni lita göturnar  
með tómum flöskum og innantómum lofordum.

Laufblad með öllum litum haustsins  
flögrar inn um gluggann  
til að minna á að það er til meira  
en vanabundið mynstur örvæntingar.

Ljóð, listaverk og ljósmyndir © 2005 Birgitta Jónsdóttir

Teiknimynd aftan á kápu © 2005 Maurizio Di Bona

Ljósmynd af svötrum ketti © 1989 Charles Egill Hirt

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef

Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.

<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders

farið á vef útgáfunar

<http://this.is/poems>

Beyond Borders

552 1742

692 8884

[poems@this.is](mailto:poems@this.is)

Þessi bók er handunnin í 44 eintökum

Þetta er bók númer

## *Við Laugaveg*

Hvít hönd  
strýkur burt frostrós.  
Börn borgar  
ljós borgar  
í einum punkti  
í miðju borgar.

Bros mót götuvitum  
og sól við tjörn.

Augu anda og svana  
fyllt gráklökkum  
saknaðartárum  
þegar vorið sem  
aldrei varð  
sekkur í djúpin.

Þá rís upp úr  
vatninu  
andi horfinna tíma.  
Kallast á við fuglana.  
En svanirnir synda um  
í blúndugardínu í glugga  
sem vísar út á lífið.

*Tileinkað húsinu að Laugavegi 21  
þar sem þetta ljóð var skrifað 1988.*